

S A M Þ Y K K T**um breytingu á samþykkt um sýsluvegasjóð í Austur-Barðastrandasýslu, nr. 109 15. maí 1965.**

1. gr.

Í 2. grein samþykktarinnar, bætist við undir Gufudalshreppi, nýr töluliður, sem verður 4. liður, svo hljóðandi: Kleifastaðabryggjuvegur, af Vestfjarðavegi að bryggju við Kleifastaðamel.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, er sýslunefnd Austur-Barðastrandasýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt d-lið 19. gr. vegalaga nr. 80 10. júlí 1973, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 19. júlí 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

S A M Þ Y K K T**um búfjárhald í Vestmannaeyjum.**

1. gr.

Allt búfjárhald, svo og alifuglarækt, er óheimilt á Heimaey í Vestmannaeyjum nema með sérstöku leyfi bæjarráðs. Með búfénaði er átt við nautgripi, hesta, sauðfénað og svín.

2. gr.

Sá, sem hyggst sækja um leyfi skv. 1. gr., skal senda skriflega umsókn um það til bæjarráðs. Í umsókn skal gera grein fyrir fjölda búfjárins, sem leyfis er óskað fyrir, hvernig geymslu þess skal háttað og öðru, er máli kann að skipta.

3. gr.

Nú telur bæjarráð, að skilyrði til búfjárhalds séu fyrir hendi og má þá veita leyfið til ákveðins tíma eða ákveða tiltekinn frest til afturköllunar. Leyfi má þó ætíð afturkalla fyrirvaralaust ef leyfishafi brýtur reglur um meðferð búfjár t. d. ef hann gætir þess ekki á fullnægjandi hátt.

4. gr.

Haldi maður á heimildar búfé, sem samþykkt þessi tekur til, skal lögreglustjóri hlutast til um, að það sé tekið úr vörslu hans og er heimilt að selja það á uppboði eða láta slátra því. Sama gildir ef leyfishafi gætir ekki settra reglna um meðferð búfjárins, þannig að það veldur tjóni eða óþrifnaði.

5. gr.

Leyfi til búfjárhalds má binda þeim skilyrðum, sem bæjarráð telur nauðsynleg hverju sinni, svo sem um fjölda búfjár, meðferð þess og vörslu.

6. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum allt að kr. 5 000.00. Með mál út af brotum skal fara að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 44 23. maí 1964, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 22. júlí 1974.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

FJALLSKILAREGLUGERÐ

fyrir Rangárvallasýslu.

I. KAFLI

Um stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Rangárvallasýsla er eitt fjallskilaumdæmi og hefur sýslunefnd yfirstjórn allra fjallskilamála samkv. gildandi fjallskilalögum, en hreppsnefndir annast stjórn og framkvæmd þeirra í hverjum hreppi, eða í sameiningu, þar sem svo hagar til.

2. gr.

Hver hreppsnefnd getur valið einn mann til þess að hafa á hendi stjórn og umsjón fjallskilamála hreppsins og nefnist hann fjallskilastjóri.

3. gr.

Þar sem 2 hreppar eru sameiginlegir eigendur að afrétt, telst hvor þeirra um sig sjálfstæð fjallskiladeild.

4. gr.

Hver hreppsnefnd, eða fjallskilastjóri fyrir hennar hönd, haldi sérstaka fjallskilabók, staðfesta af oddvita sýslunefndar. Í hana skal rita allt, sem við kemur fjallskilamálum hreppsins.

II. KAFLI

Um afrétti og notkun þeirra.

5. gr.

Allt land skiptist í afrétti og heimalönd. Það skulu vera afréttir, sem áður hafa verið. Þó geta hreppsnefndir tekið upp nýja afrétti, breytt takmörkum afrétta og lagt til þeirra heimalönd eða landshluta einstakra jarða með samþykki landeiganda, umráðamanns og sýslunefndar.

6. gr.

Hver hreppsnefnd skal semja markalýsingu á afrétti eða afréttarlöndum hreppsins og rita hana í fjallskilabókina.